

DREKASKÁTAMÓT 2023

FYRSTA UPPLÝSINGABRÉF
DISKÓ DREKAR Á ÚLFLJÓTSVATNI



Drekaskátamót 2023 verður haldið helgina 2.-4. júní, en líkt og 2022 verður mótið yfir heila helgi þannig skátarnir gista í 2 nætur frá föstudegi fram á sunnudag.

Ný mótstjórn hefur tekið við keflinu frá þeim sem hafa séð um mótið undanfarin ár, í mótstjórn sitja:

Reynir Tómas Reynisson – Skátafélaginu Garðbúum, **mótstjóri**

Arney Sif Ólafsdóttir - Skátafélaginu Skjöldungum, **dagskrárstjóri**

Birna Rún Ingvarsdóttir – Skátafélaginu Stíganda

Dagný Sara Viðarsdóttir – Skátafélaginu Stíganda

Dagur Sverrisson - Skátafélaginu Ægisbúum, **kynningamálastjóri**

Davíð Þrastarson – Skátafélagið Garðbúar, **fjármálastjóri**

Jóhanna Vigdís Pálmadóttir – Skátafélagið Stígandi

Kristján Karl Guðmannsson –Skátafélagið Vogabúar - **tjaldbúðarstjóri**

Valur Kári Óskarsson –Skátafélagið Skjöldungar, **starfsmannastjóri**

Mótsgjald er 9.000 krónur fyrir þátttakendur og 5.000 krónur fyrir foringja. Fyrir hverja 10 þátttakendur sem skrá sig fær félagið 1 frían foringja. Innifalið í gjaldinu er öll dagskrá, gisting, einkenni og sameiginleg kvöldmáltíð bæði föstudag og laugardag.

Skráning fyrir þátttakendur er nú opin á skraning.skatar.is, skráningu verður háttáð líkt og síðasta ár þar sem BÍS mun innheimta mótsgjaldið beint frá þátttakendum, vilji félög halda um skráningu hjá sér t.d. til að innheimta í einu gjaldi mótsgjald og sameiginlegan kostnað eru þau beðin um að láta Skátamiðstöð vita. Þá er ætlast til að skráningum sé skilað til mótsins fyrir 4. maí og mótsgjöld greidd fyrir þátttakendur þess félags í beinu framhaldi.

Dagskrá verður með svipuðu sniði og áður en nánari upplýsingar um dagskránnu munu berast í síðara upplýsingabréfi mótstjórnar.

Það getur verið gaman til að byggja upp eftirvæntingu fyrir stórmótum og jafnvel til að auglýsa þau að byrja að undirbúa sig fyrir þau á skátafundum. En þá er líka gott að vera með góðan undirbúning því fyrir mörg verður þetta fyrsta útilegan. Við hvetjum ykkur til að fara yfir eftirfarandi atriði með skátunum ykkar fyrir mótið.



- **Útbúnaður:** Hvernig er best að pakka fyrir tjaldútilegu á Íslandi. Gott er að minna krakkana á að þau geta fengið búnað lánaðan hjá vinum og ættingjum og þurfa ekki að kaupa allt nýtt.
- **Tjöldun:** Sniðugt er að hafa skátafund til að kenna þeim að tjalda tjöldunum sem þau munu sofa í á mótinu. Það gefur líka tækifæri á að yfirfara tjöldin.
- **Matur:** Hvernig mat er best að hafa með í útilegu, búa til matseðil fyrir ykkar sveit á mótinu eða leggja línur um hvernig mat skátarnir skuli hafa með sér t.d. útfrá þeim tækjabúnaði sem sveitin mun hafa með sér á mótið til matreiðslu.
- **Hnútar:** Fara yfir einfalda hnúta sem geta komið á gagni á tjaldbúðarmóti t.d. fánahnút og hestahnút.
- **Söngvar:** Það er alltaf skemmtilegast þegar allir geta tekið undir á kvöldvökunni. Minnum við á hin klassísku kvöldvökulög s.s. Ó stælti skáti, Skátasyrpuna, Þytur í laufi og Bakpokann.
- **Skemmtiatriði:** Skemmtiatriði lífga alltaf upp á kvöldvökur og þess vegna er um að gera að sveitin undirbúi eitt slíkt fyrir mótið. Ef þið ætlið að vera með skemmtiatriði þá biðjum við ykkur að senda okkur póst á drekaskatamot@skatarnir.is
- **Búningar og tjaldbúðaskreytingar:** Til að gera mótið sem skemmtilegast væri gaman ef krakkarnir kæmu með búninga í takt við þemað til dæmis diskó búning. Síðan er tilvalið að sveitin föndri saman tjaldbúðaskreytingu sem mun prýða mótssvæðið meðan á mótinu stendur.
- **Flokkun:** Við munum flokka á mótinu; pappa, plast og almennt rusl og er því um að gera að kenna drekaskátunum í hvaða tunnu ruslið þeirra á að fara.

Þessi listi er að sjálfsögðu ekki tæmandi en við teljum að mótið verði mun skemmtilegra ef allar sveitir fara yfir þessi atriði 😊

Allar spurningar má senda á drekaskatamot@skatarnir.is

